

ÁRANGUR OG FORYSTA

GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR

framkvæmdastjóri Franklin Covey

Hógværð, hagsýni og heilindi – lexía úr Afríkuleiðangri

Guðrún Högnadóttir segir að þegar hlutirnir gangi vel, góð telkn séu á lofti og eftirsóttur árangur að nást ekkípti máli að staldra við, hægja á sér og byggja ákvarðanatöku á traustum glíðum sem hafa þjónað Íslendingum í gegnum erlíða tíma.

Upp í huga Guðrúnar kemur ferð sem hún fór átján ára eftir stúdentspróf en þá vann hún verkefni fyrir Rauða krossinn, Sameinuðu þjóðirnar og World Wildlife Foundation og ók með hópi ungmenna frá London til Suður-Afríku á einu ári.

„Þetta var mjög erlíð ferð; við vorum á tíu jeppum og þurftum að keyra yfir Sahara-eyðlmörkina, þvera landamæri með vélbyssur í bakinu og tryggja

okkar elgin matar- og eldneytis- birgðir fyrir tíma farsíma og nets. Þegar ferðin var sem erlíðust og við þurftum að hamast með sandstíga viku eftir viku í eyðlmörkinni, mjakaast í gegnum frumekögana á helmagerðum brúm eða leggja okkur í lífsháka í leit að vatni þá gekk allt vel. Hópurinn varð samstíga og einbeittur og ákvarðanatöku skýr – enda tilgangurinn einfaldur: Að komast lífandi á áfangastað og klára mikilvæg verkefni með helmanönnum. En um leið og við komum upp á malbikuðu vegina fóru slysin að gerast. Við gleymdum okkur á vaktinni og létum belna veginn svæfa okkur. Bíllar ultu, fólk elsaðist, við veiktumst, hópurinn hellaðist af skammtímafréistingum og villtist af leið.

Það er svipað og ég sé gerast núna; þegar vel gengur og komið er á belnu brautina gleymum við okkur í þessu þægilega umhverfi okkar og tökum rangar ákvarðanir. Sama hvert lítið er, hvort sem það er eftirspurn í ferðapjónustu eða framhaldsskólum, árangur í íþróttum eða ílætum, framfarir í nýsköpun eða hagkerfinu – þá erum við komin á belnu brautina og þurfum að vanda okkur. Það þarf að leiða Íslenska vinnustaði á sömu glíðum á góðæristimum og erlíðum. Þau glíði sem hafa þjónað okkur síðustu árin eru t.d. hógværð, hagsýni og heilindi. Það er mikilvægt fyrir stjómendur að leggja áherlu á öguð vinnubrögð, byggja ákvarðanatöku á réttum gögnum og langtímasýn og minna reglulega á tilgang

ferðarinnar. Við þurfum að hugsa og haga okkur í dag með hliðsjón af því hvað við viljum að barnabörnin okkar segi um verk okkar eftir 50 ár. Við þurfum að grafa skammtímahugsun, græðgi og mlarétti og hafa kjark til þess að breyta samkvæmt sameiginlegri sýn um sjálfbærni, slóferð og jöfn tækifæri. Og við þurfum virkilega að hægja á okkur á malbikaðri braut. Enda má segja að við séum fyrirmyndir ekki bara komandi kynslóða heldur margra annarra þjóða. Það eru öll augu á okkur sjö árum eftir hrún.“ [W](#)

